

Félags- og tryggingamálaráðuneytið	
Db. 910	Fskj.
Mótt.	06 MAY 2008
Abm. RA	
Svarfr.	Tilv.
Málsnr. FEL	080 30016

Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra  
Félags- og tryggingamálaráðuneytinu  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
150, Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2008

Að beiðni félags- og tryggingamálaráðherra hefur Samstarfsnefnd um málefni aldraðra farið yfir tillögur tillögur ráðgjafarhóps félags- og tryggingamálaráðherra um mótun stefnu í þjónustu við aldraða til næstu ára. og voru tillögurnar ræddar á þremur fundum nefndarinnar.

Samstarfsnefnd um málefni aldraða lýsir ánægju sinni með tillögur ráðgjafarhóps félags- og tryggingarmálaráðherra um mótun stefnu í þjónustu við aldraða næstu árin. Samstarfsnefndin tekur undir þær tillögur og þau markmið sem búa þar að baki og lúta að bættri þjónustu og aukinni uppbyggingu í þágu aldraða. Hún bendir jafnframt á að gera þarf greinarmun á þjónustu við aldraða annars vegar og heilbrigðisþjónustu hins vegar við stefnumótun í málefnum aldraða.

Samstarfsnefndin vill draga sérstaklega fram nokkur atriði varðandi tillögur tillögur ráðgjafarhóps félags- og tryggingamálaráðherra um mótun stefnu í þjónustu við aldraða til næstu ára.

### **Valfrelsi og aukin þjónusta**

Samstarfsnefndin leggur áherslu á að eldri borgarar búi við valfrelsi og öryggi. Aldraðir eiga að hafa skýran rétt og fjölbreytilega valkosti þegar kemur að þeirra eigin aðstæðum og þjónustan verði miðuð við aðstæður hvers og eins. Gæta þarf sérstaklega að þjónustan verði ekki „smurð of þunnt“ þannig að hún nái ekki tilgangi sínum.

### **Stóraukin heimahjúkrun og heimþjónusta**

Samstarfsnefndin telur aukinn stuðning í heimahúsi vera lykilinn að aukinni velferð eldri borgara. Meginmarkmið er að aldraðir fái viðeigandi stuðning og þjónustu til að geta dvalið sem lengst á eigin heimili og eigi sama rétt til innihaldsríks lífs og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Stóraukin heimahjúkrun og heimþjónusta eru því meðal meginþátta í bættri þjónustu við þennan hóp..

### **Réttur til þjónustu í hjúkrunarrými og fækkun dvalarrýma.**

Þegar ekki er lengur mögulegt að veita fullnægjandi umönnun inni á heimili hins aldraða skal hann eiga kost á þjónustu á hjúkrunarheimili. Samstarfsnefndin leggur til að aukin þjónusta á heimilum aldraða m.a. í sérstökum þjónustuíbúðum fyrir aldraða leysi dvalarheimilisrými á öldrunarstofnunum af hólmi. Dvalarrýmum verði m.a. breytt í hjúkrunarrými eða til að bæta aðstöðu á öldrunarstofnunum með öðrum hætti. Til framtíðar verði þjónusta á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða því bundin við hjúkrunarrými og hvíldarrými.

### **Forvarnir og heilsueflandi aðgerðir**

Ný tækifæri opnast þeim sem eldast og fara á eftirlaun sem mikilvægt er að nýta til að auka lífsgæði, virkni og vellíðan.

Nauðsynlegt er að leggja áherslu á ábyrgð aldraða á eigin heilsu og vellíðan, fyrirbyggjandi aðgerðir sem og endurhæfingu og hreyfingu til að aldraðir geti haldið heilsu og færni eins lengi og mögulega er unnt. Auka þarf fjölbreytni í þjónustu og mikilvægt að hafa hinn aldraða með í ráðum um hvaða þjónusta hentar viðkomandi og taka eftir föngum tillit til óska hans.

Samstarfsnefndin telur einnig mikilvægt að teknar séu upp í auknum mæli heilsueflandi aðgerðir s.s. heilsueflandi heimsóknir til aldraða.

### **Sveitarfélög fjárhagslega ábyrg**

Samstarfsnefndin tekur undir tillögu ráðgjafarhópsins um flutning öldrunarmála til sveitarfélagana en minnir á að slíkt þarf að undirbúa vel og ekki síst hvað varðar tekjustofna.

Um leið og Samstarfsnefndin tekur undir hugmyndir um sameiningu félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar undir eina framkvæmdastjórn til að tryggja samhæfða þjónustu við aldraða í heimahúsum vill hún benda á að heimahjúkrun sinnir ekki eingöngu öldruðum. Taka þarf tillit til þess við flutning verkefna á þessum sviðum Einnig bendir Samstarfsnefndin á að í tillögum ráðgjafahópsins er fjallað um mögulegan flutning á rekstri heilsugæslustöðva til sveitarfélaga. Samstarfsnefndin minnir á að heilsugæslan sinnir öllum aldurshópum og fellur undir heilbrigðisþjónustu.

Samstarfsnefndin telur það koma til greina að sveitarfélögin beri ábyrgð á að til staðar séu viðeigandi úrræði fyrir aldraða eftir að meðferð lýkur eða greiði ella kostnað vegna framlengdrar sjúkrahúsvalar, enda séu þeim tryggðar nauðsynlegar tekjur.

### **Reglur um þjónustu, mönnun og aðbúnað**

Samstarfsnefndin telur að það eigi að setja reglur um þjónustu hjúkrunarheimila, lágmarksmönnun og aðbúnað, sem notaðar verði sem grundvöllur gæðaviðmiða annars vegar og fjármögnunar hjúkrunarrýma og félagslegrar þjónustu á hjúkrunarheimilum hins vegar. Í þessu sambandi minnir samstarfsnefndin á ábendingar landlæknisembættisins um hjúkrunarmönnun á öldrunarstofnunum.

### **Draga úr einmanaleika og huga að aðstandendum**

Samstarfsnefndin minnir sérstaklega á mikilvægi þess að bæta líðan aldraða og draga úr einmanaleika. Það þarf því að vinna markvisst gegn félagslegri einangrun eldra fólks og þunglyndi meðal eldri borgara og ýta undir áhuga og möguleika sjálfboðaliða og félagasamstaka til að taka þátt í þeirri vinnu. Markmið hlýtur að vera bætt lífsgæði og aukin velferð eldri borgara í samfélaginu.

Einnig telur Samstarfsnefndin að huga þurfi vel að þörfum og stuðningi við aðstandendur eldri borgara sem meginstuðningsaðila hins aldraða hvort heldur í heimahúsum eða á stofnunum. Það má m.a. gera með auknu framboði á upplýsingum og ráðgjöf

### **Aukin þekking innan öldrunarþjónustunnar**

Samstarfsnefndin tekur undir tillögur ráðgjafarhópsins að aðgerða er þörf til að tryggja megi hæfa og stöðuga starfskrafta í öldrunarþjónustu. Það þarf að leita leiða til að gera störf í öldrunarþjónustu eftirsóknarverð og tryggja nægjanlegt framboð af góðu starfsfólki.

Vert er að kanna hvort aukið námskeiðahald fyrir ófaglært starfsfólk getur skilað árangri. Einnig má kanna grundvöll fyrir aukið nám á þessu sviði á framhaldsskólastigi, ekki síst í ljósi þess að öldruðum mun fjölga verulega á næstu árum og áratugum og þörf fyrir sérmenntað starfsfólk aukast að sama skapi.

Til greina kæmi einnig að störf framhaldaskólanema í umönnunarstörfum við þjónustu við aldraða fáist metin til eininga í námi þeirra.


### **Bætt kjör með lágmarksviðmiðum og jafnrétti kynjanna**

Samhliða frekari uppbyggingu og aukinni þjónustu minnir Samstarfsnefndin á að sérstaklega sé hugað að þeim eldri borgurum sem búa við bág kjör. Tryggja þarf jafnrétti kynjanna, ekki síður meðal aldraðra en annarra landsmanna. Fjárhagslegt sjálfstæði er grundvöllur jafnréttis og mannréttinda er þar virðist halla mjög á eldri konur sem hafa ekki aflað sér réttinda til greiðslna úr lífeyrissjóðum í sama mæli og eldri karlmenn.

Til að tryggja efnahagslegt sjálfstæði aldraðra er nauðsynlegt að lágmarks lífeyrir miðist við skilgreind lágmarksútgjöld einstaklinga til að lifa mannsæmandi lífi og taka virkan þátt í samfélaginu.

Virðingarfyllst,

fh. Samstarfsnefndar um málefni aldraðra

  
Ágúst Ólafur Ágústsson formaður